

Verklags- og vinnureglur vegna:

- Íslandsmeistara
- heiðursviðurkenninga.

Íslandsmeistarar

Markmið: Veita aðildarfélögum ÍBA viðurkenningarfött vegna árangurs á landsvísu á undangengnu ári.

Umsjón: Forstöðumaður íþróttamála

Viðurkenning: Sérstakt skjal í ramma með nöfnum allra Íslandsmeistara félagsins. Undirritað af forstöðumanni íþróttamála og formanni ÍRA. Viðmið íþróttaráðs er að veita viðurkenningu fyrir árangur iðkenda 11 ára og eldri. Undantekningar má þó gera ef ástæða þykir..

Ferli: Aðildarfélög skila yfirliti á sérstökum eyðublöðum sem forstöðumaður íþróttamála sendir út til aðildarfélaganna á hverju hausti. Þar skal tekið fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi varð Íslandsmeistari í.

Í sérstökum tilfellum getur stjórn Afrekssjóðs gert undanþágu á ofangreindum vinnu- og verklagsreglum.

Heiðursviðurkenningar

Markmið: Íþróttaráð veitir heiðursviðurkenningar fyrir störf að félags-, íþrótt- og æskulýðsmálum. Að heiðra einstaklinga sem hafa unnið óeigingjarnt og mikið sjálfboðaliðastarf í þágu félags- íþrótt- og æskulýðsmála á Akureyri.

Umsjón: Afrekssjóður, forstöðumaður íþróttamála og íþróttaráð.

Viðurkenning: Sérstakt skrautskrifað skjal í ramma og undirritað af íþróttaráði

Ferli: Stjórn Afrekssjóðs kallar eftir tilnefningum í október frá aðildarfélögum, heldur utan um tilnefningar og tilnefnir þá sem hljóta heiðursviðurkenningu, Tillögum skal vísað til íþróttaráðs sem samþykkir/hafnar og afhendir viðurkenninguna.